



## Hann hló og hló

Öllum ber saman um að bók-  
lestur sé besta leiðin til að  
skerpa tilfinningu fyrir máli og  
stíl. Þess vegna hef ég svo ár-  
um skiptir hvatt kennaranema til að lesa  
sem mest og boða síðan þetta fagnaðar-  
erindi í eigin starfi í skólum landsins.  
Nemendur í grunnskólum þyrftu að fá að  
lesa bókmenntatexta á hverjum degi.  
Einnig ætti kennarinn að lesa daglega fyrir  
nemendur eða ýta á hnapp og láta upp-  
lestur hljóma úr tölvu eða af geisladiski.  
Nóg er til af efni, t.d. á hlusta.is en þar er  
boðið upp á ótal sögur og frásagnir í upp-  
lestri færustu manna. Meðal efnis á hlusta-  
.is eru sögur eftir Jóhann Magnús Bjarna-  
son (1866–1945). Hvert barn og unglingur  
mun láta heillast af sögunni af Eiríki Hans-  
syni, drengnum sem fór átta ára frá Íslandi  
og settist að í Nova Scotia í Kanada; eða  
spennusögnum *Brasilufararnir* og *Í  
Rauðárdalnum* (Rauða rennur gegnum  
Winnipeg, höfuðvagi Vestur-Íslendinga).  
Jóhann Magnús var barnakennari í Vest-  
urheimi en skrifaði öll sín verk á íslensku.  
Þau urðu geysivinsæl beggja vegna *Atl-  
antsála* um og upp úr aldamótunum 1900.  
Nú hefur *Eiríkur Hansson* verið gefinn út á  
ný og er það gleðiefni.

En annað verk Jóhanns Magnúsar kom  
út í fyrsta sinn í síðastliðinni viku, *Dagbók  
vesturfara*. Dagbókin var fullbúin til  
prentunar fyrir 66 árum, rétt áður en höf-  
undurinn lést. Sjálfur leit hann á hana sem  
sitt mesta verk. Við kynnumst þar mann-  
vininum á bak sögunnar en jafnframt um-  
hverfi og aðstæðum íslenskra vesturfara á  
sléttum Norður-Ameríku í hálfa öld.  
Gaman er að velja fyrir sér orðalagi Jó-  
hanns Magnúsar og stílsnilld. Framsetn-  
ingin var einföld en þaulhugsuð og hvert  
orð valið af kostgæfni, sbr. lýsingarorðin  
„unaðsfull“ og „alúðarrík“. Og augljóst er  
að maðurinn auðgaði íslenskar bók-  
menntir í stílfræðilegu tilliti. Í dagbókinni  
bregður hann oft á leik og beitir t.d. end-  
urtekningu og ýkjum af snilld, ekki ólíkt  
því sem gerist í sjálfum sögunum. Mig  
langar að sýna dæmi um þetta úr færslu  
sem gerð var hinn 29. maí árið 1918 þegar  
heimsstyrjöldin fyrri var enn í algleymingi  
(ef til vill mættum við hafa í huga að *hlátur*  
er stundum ógnvænlegur, sbr. *hlátur Hall-  
gerðar í Njálu*):

„Í dag er vorbliða og sætur fuglasöngur;  
svalan ræður sér ekki fyrir kæti; rauð-  
brystingurinn er í óða önn að bjarga sér; og  
músarrindillinn (*wren*) stígur dillandi  
dans í skógarliminu.

Phillip Gibbs (fregningaritarnir frægi) gat  
um það nýlega að hann hefði séð nokkra  
Kínverja við vinnu nærri skotgröfunum á  
Frakklandi. Hann segir að þeir hafi verið  
fremur stórvaxnir menn og kraftalegir, en

### Tungutak

Baldur Hafstað  
bhafstad@hi.is



Öllum ber saman um  
að bóklestur sé besta  
leiðin til að skerpa  
tilfinningu fyrir máli og  
stíl. Þess vegna hef ég svo  
árum skiptir hvatt kenn-  
aranema til að lesa sem  
mest og boða síðan þetta  
fagnaðarerindi í eigin starfi  
í skólum landsins.

undarlegir nokkuð og síhlajandi — að þeir  
hafi hlegið að öllu sem þeir heyrðu og sáu,  
jafnvel að fallbyssudynkjunum og sjálfum  
spregikúlunum þegar þær komu niður  
skammt frá þeim. — Það minnir mig á  
Kínverja sem ég sá vestur í Vancouver,  
B.C., vorið 1912. Þá var ég og konan mín til  
húsa hjá Hólmsfríði Sveinsdóttur (Miss  
Frída Swanson), sem bjó í húsinu nr. 990 á  
Seymour-stræti í Vancouverborg. Hólms-  
fríður seldi mat (og húsnæði) og keypti  
hún allan fisk og garðávexti, sem hún  
þurfti á að halda, af Kínverja nokkrum  
sem kom þangað tvisvar í hverri viku.  
Þessi Kínverji var á að giska 35 ára gamall,  
lágur maður vexti en svaraði sér vel að  
gildleika. Hann gat vel hafa verið 10 árum  
eldri eða 10 árum yngri en mér sýndist  
hann vera, því það er mjög erfitt fyrir  
hvíta menn að giska á um aldur hinna gulu  
manna. Það einkennilegasta við þennan  
Kínverja var það að hann gat ekki neitt  
sagt án þess að hlæja; og hann virtist ávallt  
hlæja eðlilega og hjartanlega. Reyndar  
lýstu augun engri gleði — þau voru æv-  
inlega hörð og köld — en allir vöðvar and-  
litsins lýstu ofsakæti og það var eins og  
krampi gripi hverja taug í herðum hans og  
handleggjum. Hann hló þegar hann heils-  
aði; hann hló þegar hann sagði frá því  
hvað fiskurinn væri dýr; hann hló þegar  
hann þakkaði fyrir eitthvað; hann hló  
dát, þegar hann minntist á það hvað  
veðrið væri slæmt og hvað fiskurinn væri í  
lágu verði og hvað ástandið í Kína væri  
voðalegt; hann ætlaði að springa af hlátri  
þegar hann kvaddi mann; og hann veltist  
um af óstöðvandi hlátri þegar hann var  
kominn upp í vagninn og sagði hestinum  
að halda af stað.“

# Er um hér á

Á slóðum Ódysseifs er  
yfirskrift sýningar sem  
Daði Guðbjörnsson  
opnar á Kjarvals-  
stöðum í dag. Mál-  
verkin eru innblásin af  
hrakningum Ódysseifs  
og andlegum upplif-  
unum listamannsins.

Einar Falur Ingólfsson efi@mbl.is

Ég var að lesa Ódysseifskviðu  
fyrir nær tíu árum þegar ég  
fékk hugmyndina að þessari  
mynd hérna, af hinna rósingr-  
uðu morgungyðju sem kemur upp á  
hverjum morgni,“ segir Daði og gengur  
að miðhluta flennistörs málverks í  
þremur hlutum. Þar má sjá mildilegt  
andlit í geislabjartri stjörnu, og ganga út  
frá henni naglalakkaðir fingur. „Ég lauk  
aldrei við myndina á þeim tíma en  
seinna sá ég að ég gat gert stóra mynd  
út frá efninu. Þá málaði ég hlutann hér  
til hægri, af skipinu á öldutoppinum. Í  
stað þess að myndgera Ódysseif set ég  
þar pensil og hinumegin við morg-  
ungyðjuna eru sírenurnar.“

Þetta mikla, sjö metra langa mál-  
verk, er í öndvegi á viðamikilli sýningu  
á málverkum sem Daði Guðbjörnsson  
opnar í vestursal Kjarvalsstaða í dag  
klukkan 16.00. Sýninguna kallar hann *Á  
slóðum Ódysseifs* og er hún innblásin af  
kvæðabálki Hómers um hrakninga og  
hetjudáðir Ódysseifs, en hann var í vill-  
um árum saman á leiðinni heim úr Trój-  
ustríðinu.


Í tilefni af opnun sýningar Daða  
gefur bókaforlagið Opna út veglega bók  
með myndverkum hans og texta Rögnu  
Sigurðardóttur, rithöfundar og gagn-  
rýnanda. Um nálgun listamannsins við  
hinn fræga sögu af Ódysseifi, segir  
Ragna að líta megi á söguna af villum  
Ódysseifs sem táknsögu af mannlegri  
reynslu. „Við lifum í blekkingu,“ skrifar  
hún, „það er erfitt að finna réttu leiðina  
og hún er ekki sú sama fyrir neitt okkar.  
Við erum alltaf að villast. Íslenska þjóðin  
er enn að leita að leiðinni heim eftir  
skipbrot ársins 2008, þegar góðærið  
reyndist tálsýn.“

Það mótar nálgun Daða við söguna  
af Ódysseifi að hann hefur um árabíl lagt  
stund á hugleiðslujóga sem nefnist sa-  
hajayoga og segir það hafa afar jákvæð  
áhrif á sköpunina. Í verkunum er vísað  
beint og óbeint til þessarar hugleiðslu og  
andlegrar upplifunar listamannsins.

### Er um í vafasömu jafnvægi

Síðan Daði kom fram í upphafi níunda  
áratugarins sem einn af frumherjum  
nýja málverksins, hefur hann þróað afar  
persónulegan og litríkan myndstíl þar  
sem mikið ber á flúri og persónulegum  
táknnum. Sjóferðin er þema nokkurra  
verkanna og skipið, sem stundum er í  
formi pensilsins sem tákn fyrir listina  
eða listamanninn, situr þá eft á öld-  
unni.

„Já, ég hef oft málað þetta skip á  
öldutoppnum, það er svo lýsandi fyrir  
okkur Íslendinga. Við erum í svo vafa-



„Ég hef oft málað þetta skip á öldutoppnum, það er svo

sömu jafnvægi,“ segir Daði og brosir.  
„Þannig högum við okkur, ég sem aðrir.  
Og sjáðu, þarna er svo þessi stóri hvalur.  
Hann má líta á sem tákn fyrir hina  
miklu og óblíðu náttúru sem við erum  
sífellt að glíma við. Um aldir hefur sjó-  
sóknin verið okkar mikla verkefni, við  
færumst mikið í fang. En í samræmi við  
nútimahugsun er þessi hvalur þarna  
grænn ...

Í þessum myndum er líka alltaf eitt-  
hvað sem ég get ekki útskýrt.“

Í einu málverkinu er uppljómaður  
einhyrningur með langan pensil í stað  
horns.

„Ég kalla þetta skáldfák,“ segir Daði.  
„Hann er ekki með vængi en er sam-  
bland af Pegasusi, einhyrningi og mál-  
ara.“

Í þessu þarna má svo sjá Ólympsfjall,  
þar sem guðirnir búa,“ segir hann og  
bendir. „Og þarna er eldgos, náttúran  
að tjá sig.“ Penslar spýttast upp úr gign-  
um.

„Auðvitað gýs penslum,“ segir hann,